

## Hlutverk

Leiða saman ungt fólk til að byggja upp samfélag án aðgreiningar, styðja berskjaldaða hópa og bregðast við samfélagslegum áskorunum. Þjóða upp á hvetjandi og valdeflandi reynslu fyrir ungt fólk sem vill gefa af sér, læra og þroskast.

## Meginreglur European Solidarity Corps

Sjálfbóðaliðar ESC bera með sér hugmyndir, sannfæringu og væntingar. Þátttökusamtök verða að hafa í huga þessar þarfir þar sem þau bera ábyrgð á því að bjóða upp á almennilegt og uppbyggilegt umhverfi fyrir sjálfbóðaliðana. Á sama tíma verkja þátttökusamtök miklum tíma, orku og fjármunum til að koma upp gæða verkefnum og ættu því að ætlast til sama framlags af ESC sjálfbóðaliðum gagnvart nærsamfélaginu og því fólki sem þau eru í beinni snertingu við í tengslum við viðfangsefni sín. Þessar almennu meginreglur um háttsemi taka tillit til mikillar fjölbreytni hugsanlegra þátttakenda, samtaka og umhverfis þar sem verkefnin verða framkvæmd. Þau ætti að aðlaga að aðstæðum hverju sinni.

Ungt fólk sem ætlar að gerast ESC sjálfbóðaliðar ættu að lesa þetta skjal vandlega, sem þátttakandi ESC samþykkir maður að fylgja eftirfarandi meginreglum:

- Þátttakendur ESC tileinka sér gildi samstöðu (solidarity), virðingu fyrir mannlegri reisn og mannréttindum og trú á eflingu sanngjarns og jafns samfélags þar sem fjölbreytni, jafnræði, umburðarlyndi, réttlæti, samstaða og jafnrétti er ríkjandi;
- Þátttakendur ESC leitast við að efla samstöðu fólks, með því að virða menningu og hefðir, og stefna að því að byggja upp samfélag sameiginlegrar ábyrgðar og gagnkvæmum stuðningi;
- Þátttakendur ESC eru tilbúnir að leggja fram þýðingarmikil framlög til samfélagsins og munu sýna samstöðu, samvinnu og gagnkvæman skilning;
- Þátttakendur ESC mega ekki hegða sér á neinn hátt sem gæti stofnað öðrum eða þeim sjálfum í hættu að verða fyrir skaða;
- Þátttakendur ESC verða að virða reglur, skipulag og starfshætti sem gilda um samtökin sem taka á móti þeim, með það í huga að þessi rammi getur verið nauðsynlegur til að virða persónulegt heilsu, öryggi og reisn einstaklinga sem taka þátt í verkefninu. Þátttakendur ESC verða einnig að fara að gildandi lögum í því landi sem þau dvelja í;
- Innganga í ESC verður alltaf að vera valfrjálst val ungs fólks og þeim er frjálst að segja sig frá áætluninni. Þau hafa rétt til að hafna tilboðum um sjálfbóðaliðastörf án þess að hafa áhrif á möguleika þeirra á að fá önnur tilboð í framtíðinni;
- Þátttaka í ESC felur ekki í sér greiðslu á neinu gjaldi;
- Í lok dvalar þeirra hafa þátttakendur ESC rétt á að fá viðurkenningarskjal fyrir þátttöku sem staðfestir þátttöku þeirra í verkefninu;
- Þegar þeir samþykkja dvöl fyrir sjálfbóðaliðastarf munu þátttakendur ESC undirrita sjálfbóðaliðasamning við þátttökusamtökin þar sem gerð er grein fyrir skilyrðum verkefnisins í samræmi við meginreglur sáttmála ESC.
- Fyrir upphaf verkefnisins og meðan á því stendur munu þátttakendur ESC fá greinargóðar upplýsingar um verkefnin sem þeir munu sinna auk, þar sem við á, fullnægjandi þjálfun og tungumálastuðning.